

Daglegar rennslisspár með notkun hliðstæðrar greiningar  
Harmonie veðurgagna. Morgane Priet-Mahéo, Andréa-Girgio R.  
Massad, Sif Pétursdóttir, Tinna Þórarinsdóttir og Davíð  
Egilson, Veðurstofan – mars 2019.

Þetta verkefni miðaði að því að leita eftir hliðstæðum sögulegum gögnum miðað við það veður sem fram kemur í háupplausnarlíkaninu Harmonie og nota þau til að leita eftir rennsli sem varð á þeim tíma og spá fyrir um daglegt rennsli út frá því.

Niðurstaða verkefnisins er að hægt er að setja fram áreiðanlega spá um rennsli og flóð vatnsfalla með því að nota aðferðarfræði sem byggir á hliðstæðri greiningu (e. analogue sorting) gagna. Í skýrslunni er aðferðafræðinni lýst og hún var prófuð á 13 vatnasviðum með góðum árangri þar sem spáð er fyrir um rennsli 1-5 daga fram í tímann. Sérstaklega var forspárgildi fyrsta dagsins hátt.

Niðurstöður verkefnisins fyrir vatnasviðin 13 hafa verið settar fram á vefsíðu:

[http://customer.vedur.is/vegag/analogue\\_forecast/analogue\\_sorting.html](http://customer.vedur.is/vegag/analogue_forecast/analogue_sorting.html)

Á vefsíðunni birtist kort af Íslandi með staðsetningu vatnasviðanna. Litakóðar sýna stöðuna á mældu rennsli. Ef endurkomutími rennslisins er innan við 2 ár, er liturinn grænn, en breytist eftir því sem endurkomutíminn er meiri og verður brúnn ef hann er yfir 25 ár. Þegar bendli er rennt yfir viðkomandi vatnasvið, birtast línurit með upplýsingum um úrkomu, hitastigi og rennsli og sést þá spá um rennsli 5 daga fram í tímann. Ef smellt er á viðkomandi vatnasvið opnast síða með frekari upplýsingum.

Á árinu 2019 verður unnið framhaldsverkefni, þar sem fleiri mæld vatnasvið verða tekin inn. Auk þess er gert ráð fyrir að taka inn eitt vatnasvið sem ekki er mælt, en þá verður byggt á fyrri verkefnum Veðurstofunnar um flóðagreiningu ómældra vatnsfalla.